

Héraðsdómur Reykjaness

Úrskurður 5. mars 2021

Mál nr. K-287/2021:

Bláfugl ehf.

(Atli Björn Þorbjörnsson lögmaður)

gegn

Félagi íslenskra atvinnuflugmanna

(Karl Ólafur Karlsson lögmaður)

Úrskurður:

Mál þetta barst héraðsdómi 8. febrúar 2021, var þingfest 16. febrúar og tekið til úrskurðar 1. mars. Sóknaraðili er Bláfugl ehf., Hlíðasmára 12, Kópavogi. Varnaraðili er Félag íslenskra atvinnuflugmanna, Hlíðasmára 8, Kópavogi.

Sóknaraðili krefst þess að felld verði úr gildi ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 5. febrúar 2021 um synjun lögmansgerðar í máli nr. 2021/2262 og að lagt verði fyrir sýslumann að leggja lögbannt við þeim aðgerðum varnaraðila að tálma flugmönnum sem standa utan vébanda varnaraðila, sem og flugmönnum sem starfa sem verktakar utan vébanda stéttarféлага, að fljúga flugvélum sóknaraðila eða koma að mönnun áhafna flugvéla í flugrekstri sóknaraðila, í krafti verkfallsaðgerða sem boðaðar voru með bréfi 15. janúar 2021 og hófust 1. febrúar kl. 00:01. Þá krefst sóknaraðili málskostnaðar að skaðlausu úr hendi varnaraðila.

Varnaraðili krefst þess að ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 5. febrúar 2021 í lögbanntsmáli nr. 2021/2262 verði staðfest. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi sóknaraðila að mati réttarins og að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

I.

Sóknaraðili er flugrekandi og starfar á sviði fraktflutninga samkvæmt íslensku flugrekstrarleyfi frá 2001. Hann leigir nú sex Boeing flugvélar og segir meginstarfsemi sína (90% tekna) felast í framleigu á sömu vélum, með áhöfn, viðhaldi og tryggingum, til stórra fraktflutningafyrirtækja og miðlara. Að sögn sóknaraðila eru þeir samningar yfirleitt stuttir og uppsagnarfrestur að jafnaði 30-90 dagar. Af þeim sökum komi oft upp aðstæður sem krefjast skjótra breytinga á starfsliði sóknaraðila og því hafi hann allt frá stofnun reitt sig mikið á verktöku þeirra sem stjórna flugvélunum. Hafi þetta verið gert með vitund varnaraðila og án athugasemda af hans hálfu.

Síðastliðin tvö ár segist sóknaraðili hafa mátt þola mikinn taprekstur og hann því ráðist í umfangsmiklar hagræðingaraðgerðir á árinu 2020, sem fólust meðal annars í því að fækka fastráðnu starfsfólki og biðja aðra að lækka kjör sín tímabundið. Þetta hafi viðkomandi starfsmenn samþykkt, að frátöldum þeim flugmönnum sem eru félagsmenn varnaraðila. Hjá sóknaraðila starfi nú 54 flugmenn, þar af 44 verktakar, sem ráðnir séu til hans í verkefni gegnum áhafnaleiguna [...], og tíu félagsmenn varnaraðila. Segir sóknaraðili kostnað vegna þeirra síðarnefndu mun meiri og nemi munur á meðalkostnaði fyrir hvern félagsmann varnaraðila og sjálfstætt starfandi verktaka um 20.000.000 krónum á ársgrundvelli.

Varnaraðili er stéttarfélag atvinnuflugmanna og lögformlegur sammingsaðili um kaup og kjör félagsmanna sinna samkvæmt 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Samkvæmt því er varnaraðila heimilt að vinna að framgangi krafna sinna í vinnudeilum með verkfalli samkvæmt II. kafla laganna.

Sóknaraðili hefur frá upphafi verið með kjarasamning við varnaraðila og liggur fyrir kjarasamningur frá 2. júlí 2018 um kaup og kjör og starfsaldursreglur flugmanna sóknaraðila, sem gildi til 30. júní 2020. Frá þeim tíma hefur kjarasamningur verið laus. Í grein 01-3 kjarasamningsins segir:

„Flugmenn Bláfugls ehf., sem eru löglegir félagar í FÍA, skulu hafa forgang að þeim flugverkefnum sem um er að ræða á hverjum tíma á vegum Bláfugls, enda brjóti slíkt ekki í bága við flugréttindi, lög eða reglur, eða aðrar þær kvaðir eða rekstraraðstæður sem Bláfugli er gert að starfa eftir af stjórnvöldum viðkomandi ríkja.

Aðilar eru sammála um, að ráðning eða leiga flugmanna til Bláfugls, sem ekki eru félagar í FÍA, skuli ekki á neinn máta teffa fyrir stöðuhækkunum og öðrum framgangi fastráðinna flugmanna Bláfugls, sem eru löglegir félagar í FÍA, né heldur leiða til uppsagna félagsmanna FÍA innan Bláfugls.

Það er jafnframt vilji Bláfugls að viðhalda og stækka kjarna fastráðinna flugmanna sem fyrirtækið byggir á og tekur það mið af rekstri og verkefnastöðu félagsins hverju sinni.

Lágmarksfjöldi starfandi FÍA manna, á samningi hjá Bláfugli, miðast við áhafnaþörf fyrir flug til og frá Íslandi. Útreiknuð áhafnaþörf skal miðast við 12 mánaða tímabil og vera reiknuð 1. desember ár hvert og vera uppfyllt innan 2ja mánaða. Áhafnaþörfin skal reiknuð af Bláfugli og staðfest af samstarfsnefnd FÍA og Bláfugls innan 15 daga.

Þrátt fyrir framangreint skal fjöldi starfandi FÍA manna á starfsaldurslista á gildistíma samnings vera 11.“

Samningurinn tekur þannig samkvæmt efni sínu til 11 félagsmanna varnaraðila. Einn þeirra hefur verið í þriggja ára launalausuleyfi frá 1. mars 2018, en hinir tíu í starfi hjá sóknaraðila, þar af átta flugstjórar og tveir flugmenn.

II.

Haustið 2020 hófu aðilar viðræður um gerð nýs kjarasamnings og komu Samtök atvinnulífsins (SA) að viðræðum fyrir hönd sóknaraðila. Var undirrituð viðræðuáætlun 7. október sl., en samkvæmt henni er hvorum aðila heimilt að fela ríkissáttasemjara stjórn viðræðna hafi samningar ekki náðst 2. janúar 2021. Fyrir liggur að í samningaviðræðum lagði sóknaraðili áherslu á að ná verulega niður kostnaði við flugáhafnir og aðlaga nýjan kjarasamning að ríkjandi samkeppnisumhverfi. Til að ná þeim markmiðum þyrfti að gera gagngerar breytingar á fyrri samningi, meðal annars fella niður forgangsréttarákvæði félagsmanna varnaraðila, sbr. grein 01-3 og starfsaldursreglur samkvæmt grein 03-1. Varnaraðili kveðst í þessum viðræðum hafa fallist á að frysta launahækkanir til lengri tíma og koma til móts við sóknaraðila með öðrum tilslökunum í því skyni að mæta kröfu hans um 30% kostnaðarlækkun á samningstíma. Hugmyndir sóknaraðila um að fella burt forgangsréttarákvæði og starfsaldursreglur kjarasamninga kæmu hins vegar ekki til álita.

III.

Meðan á samningaviðræðum stóð réði sóknaraðili 2. nóvember 2020 tíu nýja flugmenn til starfa, sem sjálfstætt starfandi verktaka, þar af átta flugstjóra. Í framhaldi gerðist það 30. desember að sóknaraðili sagði upp öllum flugmönnum innan vébanda varnaraðila með þriggja mánaða uppsagnarfresti. Samkvæmt því er síðasti starfsdagur átta starfandi flugstjóra og tveggja flugmanna 31. mars 2021. Að sögn sóknaraðila neyddist hann til að gera þetta í hagræðingarskyni. Jafnframt hafi hann ákveðið að afnema vinnuskyldu sömu flugmanna frá og með áramótum og hafi þeir frá sama tíma hvorki verið skráðir á áhafnaskrá né verði þar skráðir á uppsagnartímabilinu. Með því að engin vinnuskyldu hvíli þannig á félagsmönnum varnaraðila telur sóknaraðili að enginn geti talist ganga í störf þeirra.

IV.

Varnaraðili mótmælti uppsögn félagsmanna sinna í bréfi til SA 4. janúar 2021, sagði þær brot á kjarasamningi aðila, lögum og grundvallarreglum vinnumarkaðarins og krafðist þess að uppsagnirnar yrðu dregnar til baka. Sama dag vísaði hann kjaradeilunni

til ríkissáttasemjara. Í kjölfar árangurslausra viðræðna og að genginni atkvæðagreiðslu um vinnustöðvun sendi varnaraðili sóknaraðila bréf 15. janúar og boðaði ótímabundið verkfall meðal félagsmanna sinna hjá sóknaraðila frá og með 1. febrúar í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör. Segir í bréfinu að aðgerðirnar feli í sér að öll vinna samkvæmt ákvæðum kjarasamnings falli niður meðan á verkfalli stendur. Varnaraðili áréttaði sömu sjónarmið í bréfi til sóknaraðila 1. febrúar, benti á að uppsagnir félagsmanna sinna væru ólögmetar og skoraði á sóknaraðila að draga þær til baka. Jafnframt benti varnaraðili á að það fæli í sér verkfallsbrot að taka félagsmenn hans af áhafnaskrá og setja þeirra í stað verktakaflugmenn, sbr. grein 01-3 í kjarasamningi um forgang félagsmanna varnaraðila að öllum flugverkefnum sóknaraðila á hverjum tíma.

V.

Fyrir liggur að þegar verktakaflugmenn sóknaraðila mættu í tvö áætluð flug á Keflavíkurflugvelli 1. febrúar sl. mættu þeim verkfallsverðir og urðu flugmennirnir frá að hverfa. Daginn eftir leitaði sóknaraðili til Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu og krafðist lögbanns á aðgerðir varnaraðila. Þann 5. febrúar synjaði sýslumaður um beiðni sóknaraðila á þeim grunni að hann hefði ekki gert nægilega sennilegt að athöfn varnaraðila sé ekki lögmæt verkfallsvarsla í skilningi 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. Sama dag tilkynnti sóknaraðili sýslumanni að synjun hans yrði borin undir héraðsdóm og var svo gert 8. febrúar.

Samkvæmt gögnum málsins féllu engar flugferðir sóknaraðila niður á tímabilinu frá 2. febrúar til og með 21. febrúar. Var sú staða óbreytt á málflutningsdegi 1. mars sl.

VI.

Sóknaraðili reisir málið á því að uppfyllt séu öll skilyrði IV. kafla laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. til að verða við kröfu hans um lögbann. Mikilvægt sé að sóknaraðili fái spornað gegn því að varnaraðili tálmi flugmönnum utan sinna vébanda og sjálfstætt starfandi flugmönnum utan stéttarféлага að fljúga vélum sóknaraðila eða koma með öðrum hætti að mönnun áhafna í flugrekstri hans. Við meðferð lögbannsmálsins hafi sóknaraðili lagt fram lista yfir þá 44 verktaka sem mannað hafa vélar hans og kröfugerð lotið að því að enginn þessara flugmanna verði tálmaðir í verktakastörfum fyrir sóknaraðila, en þeir hafi allir verið í þjónustu hans áður en til uppsagna kom gagnvart félagsmönnum varnaraðila og eftirfylgjandi verkfallsaðgerða hans. Þær aðgerðir séu ólögmetar, enda verkfallsréttur ekki fyrir hendi, félagsmenn varnaraðila verið leystir undan vinnuskyldu frá síðustu áramótum, þeir frá sama tíma ekki verið settir á áhafnaskrá

og engin því gengið í störf þeirra, svo sem varnaraðili haldi fram. Því skorti það skilyrði 18. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur að ekki megi afstýra löglegri vinnustöðvun með aðstoð félagsmanna varnaraðila eða annarra sem að vinnustöðvun standa. Þrátt fyrir þetta hafi varnaraðili hindrað sjálfstætt starfandi flugmenn, sem standa utan stéttarfélaga, í því að sinna verkum fyrir sóknaraðila. Sú aðgerð brjóti gegn atvinnufrelsi sóknaraðila, sem varið sé af 75. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Sóknaraðili byggir nánar á því að heimild stéttarfélaga í 14. gr. laga nr. 80/1938 nái aðeins til þess að gera verkfall í þeim tilgangi að vinna að framgangi krafna í vinnudeilu og til verndar rétti sínum. Í máli þessu liggi fyrir að félagsmönnum varnaraðila, sem verkfalli er ætlað að styðja, hafi öllum verið löglega sagt upp störfum, vinnuréttarsambandi þeirra og sóknaraðila sé senn að ljúka og því hafi þeir engan rétt til að beita verkfallsaðgerðum til að bæta kjör sín, enda geti slíkar aðgerðir með engu móti leitt til þess að þeir njóti betri kjara hjá sóknaraðila. Kröfur varnaraðila um bætt kjör þessara félagsmanna sinna séu því ekki í neinu samræmi við hagsmuni hlutaðeigandi flugmanna af aðgerðum varnaraðila, svo sem áskilið er í 14. gr.

Sóknaraðili bendir hér á að umþrætt verkfall eigi eingöngu rót sína að rekja til þess að félagsmenn varnaraðila telja að sóknaraðila hafi verið óheimilt að segja þeim upp störfum. Slíkur ágreiningur heyri þó aðeins undir Félagsdóm, sbr. 1. tl. 17. gr. laga nr. 80/1938. Verði þegar af þeirri ástæðu ekki gripið til verkfalls til að þvinga fram kröfur varnaraðila. Þess utan sé meintur forgangsréttur félagsmanna varnaraðila fráleitt fyrir hendi og stangist á við 74. gr. stjórnarskrárinnar.

Sóknaraðili byggir einnig á því að jafnvel þótt talið yrði að réttur varnaraðila stæði til verkfalls leiði það ekki til þess að aðgerðir hans fái stoð í lögum, enda réttur sóknaraðila til atvinnurekstrar síns varinn af 75. gr. stjórnarskrárinnar. Takmarkanir á þeim rétti verði að hafa skýra lagastoð og beri að túlka þröngt. Þannig segi í 18. gr. laga nr. 80/1938 að þegar lögleg vinnustöðvun sé hafin sé þeim, sem hún að einhverju leyti beinist gegn óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með aðstoð meðlima þeirra félaga eða sambanda, sem að vinnustöðvun standa. Þetta eigi fráleitt við í þessu máli, enda séu flugmenn sóknaraðila, sem verkfallsverðir varnaraðila meinuðu för um öryggishlið á Keflavíkurflugvelli 1. febrúar sl., hvorki félagsmenn varnaraðila né í öðru stéttarfélagi og falli því ekki undir 18. gr. Samkvæmt því sé sóknaraðila, óháð verkfalli félagsmanna varnaraðila, heimilt að nýta sér þjónustu þeirra 44 sjálfstæðra verktaka sem hér um ræðir til að fljúga flugvélum og manna áhafnir sóknaraðila.

Þessu til stuðnings vísar sóknaraðili til dóms Félagsdóms 13. febrúar 2020 í máli nr. 19/2019, en samkvæmt þeim dómi tók umþrættur kjarasamningur ekki til starfa fjögurra blaðamanna sem voru sjálfstæðir verktakar og stóðu utan stéttarféлага og því tækju verkfallsaðgerðir ekki til þeirra. Með hliðsjón af þessum dómi og réttri skýringu á 18. gr. laga nr. 80/1938 telur sóknaraðili hafið yfir allan vafa að verkfallsaðgerðir varnaraðila séu ólögmatar, enda ljóst að verktakar í þjónustu sóknaraðila séu hvorki launþegar í skilningi kjarasamnings aðila né laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda og hafi nákvæmlega sömu stöðu og blaðamennirnir fjórir í ofangreindu félagsdómsmáli.

Sóknaraðili bendir jafnframt á að Vinnumálastofnun hafi snemma árs 2015 tekið til skoðunar samningssamband sóknaraðila við þá flugmenn sem störfuðu fyrir félagið í gegnum [...], lokið því máli með bréfi 5. mars og fallist þar á að samningssamband sóknaraðila og áhafnaleigunnar og störf viðkomandi flugmanna féllu utan gildissviðs laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur og laga nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda. Varnaraðili geti hvorki hagggað þeirri staðreynd né byggt á öðrum, ósamrýmanlegum staðreyndum.

Þá byggir sóknaraðili á því að engin þau skilyrði 3. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 séu fyrir hendi sem komið geti í veg fyrir lögbann. Þannig geti réttarreglur um refsingu eða skaðabætur hvergi nærri dugað til tryggingar hagsmunum sóknaraðila, sbr. 1. tl. 3. mgr., enda lúti athafnir varnaraðila að stórkostlegum hagsmunum sóknaraðila, geri félag hans óstarfhæft og valdi tugmilljóna tjóni í hvert sinn sem flug fellur niður, auk þess sem viðskiptasambönd muni í einhverjum mæli fara forgörðum og gæti jafnvel farið svo að aðgerðir varnaraðila ríði sóknaraðila að fullu. Þá telur sóknaraðili einsýnt að hagsmunir hans af því að lögbannsgerð nái fram að ganga séu miklu ríkari en hagsmunir varnaraðila af því að fyrirbyggja hana, sbr. 2. tl. 3. mgr. 24. gr., enda hafi verkfallið í engu áhrif á kjör félagsmanna varnaraðila.

Samkvæmt öllu framanröktu telur sóknaraðili ekki efni til annars en að felld verði úr gildi ákvörðun sýslumanns 5. febrúar sl. og lagt fyrir hann að kveða á um lögbann á verkfallsaðgerðir varnaraðila.

VII.

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili hafi hvorki sannað né gert sennilegt að verkfallsaðgerðir varnaraðila brjóti gegn lögvörðum hagsmunum sóknaraðila í skilningi

1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. og skorti því lagaskilyrði til að fallast á lögbannsbeiðni sóknaraðila.

Varnaraðili telur dóm Félagsdóms nr. 19/2019 ekki hafa það fordæmisgildi sem sóknaraðili haldi fram, enda hafi því verið slegið föstu í nefndum dómi að löglega boðað verkfall stéttarfélags bindi ekki einungis félagsmenn þess stéttarfélags sem stendur að verkfalli heldur og alla launþega í viðkomandi starfsgrein, sem og þá sem standa utan stéttarféлага, svo framarlega sem umræddir launþegar vinni á því starfssviði sem kjarasamningur tekur til. Dómurinn hafi þannig útvíkkað gildissvið 18. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur. Í umræddu máli hafi legið ljóst fyrir að tilteknir blaðamenn voru í raun sjálfstæðir verktakar og störfuðu að blaðamennsku án þess að lúta yfirstjórn, unnu sínar fréttir á eigin ábyrgð, þegar þeim hentaði og notuðu eigin tæki, tól og vinnuáðstöðu, sem þeir gerðu verkkaupa reikning fyrir. Hinir „sjálfstætt starfandi verktakar“ sóknaraðila séu þvert á móti það sem kallað sé gerviverktakar. Þeir sinni störfum í flugvélum sóknaraðila, fá greidd reglubundin og föst laun, séu skuldbundnir til að inna sjálfir alla vinnu af hendi, lúti boðvaldi sóknaraðila um hvenær þeir eigi að mæta til vinnu, hvað þeir eigi að gera og hvert þeir eigi að fara og notist allir við netföng sóknaraðila, þaðan sem þeir fá fyrirmæli um störf sín; allt eftir sama vaktafyrirkomulagi og gildi um þá flugmenn sem eru í föstu ráðningarsambandi við sóknaraðila á grundvelli kjarasamnings aðila. Þannig sé sá einn, en afar stór, munur á störfum gerviverktakanna og félagsmanna varnaraðila að þeir fyrrnefndu njóti lægri kjara og ekki ýmissa annarra réttinda sem áunnist hafi með gerð kjarasamninga, svo sem veikinda- og orlofsréttar. Þar sem sömu verktakar séu í eðli sínu í launþegasambandi við sóknaraðila séu þeir bundnir af verkfalli varnaraðila með sömu rökum og fram koma í félagsdómsmáli nr. 19/2019, enda vinni þeir sömu störf, í sömu starfsgrein og á sama starfssviði sem kjarasamningur aðila tekur til.

Varnaraðili vísar einnig til laga nr. 139/2005 um starfsmannaleigur og laga nr. 45/2007 um útsenda starfsmenn og skyldur erlendra þjónustuveitenda, en samkvæmt þeim lögum sé gert ráð fyrir því að um slíka starfsmenn gildi ávallt sú grunnregla laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda að laun og önnur starfskjör sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um skuli vera lágmarkskjör fyrir alla launamenn í viðkomandi starfsgrein á svæði því er kjarasamningur tekur til og að samningar einstakra launamanna um lakari kjör skuli ógildir. Telur varnaraðili að niðurstaða Vinumálastofnunar 5. mars 2015 sé ekki einhlít um meint samnings samband

sóknaraðila við hina svokölluðu verktaka, enda hafi stofnunin nú tekið málefni sömu flugmanna til skoðunar að nýju og séu þeir án efa launþegar í skilningi íslensks réttar og hafi sóknaraðili ekki sýnt fram á hið gagnstæða.

Samkvæmt framansögðu telur varnaraðili ljóst að meintir sjálfstætt starfandi verktakar séu bundnir við löglega boðað verkfall varnaraðila og að sömu einstaklingum sé alls óheimilt að ganga í störf þeirra félagsmanna varnaraðila sem eru í verkfalli, þ.e. að sinna þeim störfum/flugum sem félagsmenn varnaraðila hefðu sinnt ef þeim hefði ekki verið ólöglega sagt upp störfum og teknir af vaktskrám sóknaraðila. Sóknaraðili geti ekki unnið rétt með slíkri ákvörðun, enda brjóti hún gegn forgangsréttarákvæði greinar 01-3 kjarasamnings aðila, en fyrir liggi fjölmargir dómar Félagsdóms til staðfestingar á því að þegar kjarasamningur renni á enda gildi hann áfram samkvæmt efni sínu uns samið hefur verið að nýju. Félagsmenn varnaraðila hafi því forgangsrétt til starfa hjá sóknaraðila í samræmi við grein 01-3. Sá réttur sé skýr og í samræmi við 74. gr. stjórnarskrárinnar.

Þá feli uppsögn flugmannanna 11 í sér brot á grein 03-1 kjarasamnings aðila, en samkvæmt henni eru starfsaldursreglur flugmanna hluti af kjarasamningnum. Samkvæmt þeim njóti flugmaður sem sagt hefur verið upp vegna mannaþækkunar ótvíræðs réttar til endurráðningar í tvö ár frá því hann lætur af störfum.

Varnaraðili bendir og á að uppsögn umræddra flugmanna 30. desember 2020 sé hópuppsögn í skilningi samnefndra laga nr. 63/2000, en þar í II. kafla sé skýrt kveðið á um samráðsferli í aðdraganda hópuppsagnar. Sóknaraðili hafi sama dag og uppsagnirnar voru kynntar boðað fulltrúa varnaraðila til 20 mínútna fjarfundar, tilkynnt á þeim fundi að hinir 11 félagsmenn varnaraðila væru of kostnaðarsamir fyrir sóknaraðila og að þeim yrðu boðnir verktakasamningar í stað fastráðningar. Slíkt háttalag fullnægi í engu því samráðsferli sem kveðið er á um í lögum nr. 63/2000 og séu uppsagnir flugmannanna því einnig í fullkominni andstöðu við þau lög.

Þá feli uppsögn flugmannanna 11 í sér brot á 4. gr. laga nr. 80/1938, en samkvæmt henni sé atvinnurekendum óheimilt að reyna að hafa áhrif á afstöðu og afskipti starfsmanna sinna af stéttarfélögum eða vinnudeilum með uppsögn úr vinnu. Uppsagnir flugmannanna hafi átt sér stað í miðjum kjaraviðræðum aðila, standi án efa í beinum tengslum við kjarabaráttu varnaraðila í umboði sömu flugmanna og séu af þeirri ástæðu einnig ólögðar.

Varnaraðili byggir einnig á því að sú aðgerð sóknaraðila að taka tíu félagsmenn varnaraðila af vaktskrá og fela verktakaflugmönnum að sinna öllum flugferðum á þessu

ári feli í sér sjálfstætt brot gegn 15. gr. laga nr. 80/1938. Hafi sóknaraðili þannig gerst sekur um ólögmaett verkban, enda ljóst af 15. gr. að þegar félag atvinnurekenda ætlar að hefja vinnustöðvun sé hún því aðeins heimil að slík ákvörðun hafi verið tekin með atkvæðagreiðslu. Eðli máls samkvæmt gildi hið sama um einstaka atvinnurekendur. Þá sé það og skilyrði lögmætrar ákvörðunar um vinnustöðvun að samningaviðræður eða viðræðutilraunir hafi reynst árangurslausar þrátt fyrir milligöngu ríkissáttasemjara. Samkvæmt 16. gr. laganna beri og að tilkynna ákvörðun um vinnustöðvun til sáttasemjara og þeim sem hún beinist gegn sjö sólarhringum áður en vinnustöðvun er ætlað að hefjast og gildi hið sama um aðrar aðgerðir atvinnurekanda sem jafna megi til vinnustöðvunar, sbr. 19. gr. Ákvörðun um ólögmaett verkban sóknaraðila hafi verið tilkynnt varnaraðila 30. desember 2020. Á sama tíma hafi viðræður aðila verið í gangi og ríkissáttasemjari ekki kominn að deilunni, enda innskrifað í viðræðuáætlun aðila að afskipti hans myndu ekki hefjast fyrr en eftir 2. janúar 2021.

Samkvæmt öllu framansögðu telur varnaraðili ljóst að hann hafi verið í fullum rétti 1. febrúar sl. til að vernda þá lögvörðu hagsmuni að ekki væri gengið í störf félagsmanna sinna í verkfalli. Þá sé og ljóst að ef þeir tíu flugmenn, sem hér um ræðir, hefðu ekki verið teknir af vaktskrá hefðu þeir flogið á bilinu 36-45% af öllum flugum sóknaraðila til og frá Íslandi það sem af er þessu ári. Hvaða flug þeir hefðu flogið sé hins vegar óljóst og verði sú óvissa rakin til þeirrar ákvörðunar sóknaraðila að breyta með ólögmaettum hætti vaktskrá flugmannanna. Verkfall og verkfallsaðgerðir varnaraðila séu í fullu samræmi við reglur og venjur vinnuréttarins og brjóti fráleitt gegn lögvörðum rétti sóknaraðila, en fyrir því beri hann sönnunarbyrði.

VIII.

Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 um kyrrsetningu, lögbann o.fl. má leggja lögbann við byrjaðri eða yfirvofandi athöfn stéttarfélags ef gerðarbeiðandi sannar eða gerir sennilegt að athöfnin brjóti eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans, að stéttarfélagið hafi þegar hafist handa um athöfnina eða muni gera það og að réttindi gerðarbeiðanda muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau.

Eins og rakið er í I. og II. kafla áttu aðilar í viðræðum um nýjan kjarasamning síðastliðið haust. Meðan á viðræðum stóð réði sóknaraðili 2. nóvember til sín átta nýja flugstjóra og tvo flugmenn á sögðum verktakakjörum og sagði 30. desember um átta fastráðnum flugstjórum og tveimur flugmönunum innan vébanda varnaraðila. Með

hliðsjón af grein 01-3 fyrri kjarasamnings, sem gildir enn að efni til og kveður á um að ráðning eða leiga flugmanna til sóknaraðila skuli ekki á neinn máta hafa áhrif á framgang fastráðinna flugmanna, sem eru félagsmenn varnaraðila, eða leiða til uppsagna þeirra telur dómurinn fram kominn vafa um lögmæti nefndra uppsagna. Af hálfu sóknaraðila hafa engin gögn verið lögð fram um ráðningarkjör og grundvöll starfssambands þeirra verktakaflugmanna, sem tekist er á um í þessu máli, og er dóminum því með engu móti unnt að taka afstöðu til þess hvort umræddir flugmenn teljist launþegar eða verktakar í skilningi íslensks vinnuréttar. Ber sóknaraðili hallann af því.

Í málinu er tekist á um lögmæti verkfallsaðgerða varnaraðila 1. febrúar sl. Er ekki annað fram komið en að til verkfalls hafi verið boðað með lögmætum hætti. Óumdeilt er að varnaraðili beitti þeim verkfallsaðgerðum 1. febrúar sl., sem lýst er í V. kafla. Sú athöfn er yfirstaðin og er ekkert fram komið sem bendir til þess að varnaraðili muni aftur beita sömu eða hliðstæðum athöfnum til að koma í veg fyrir að verktakaflugmenn á vegum sóknaraðila manni áhafnir flugvéla hans til og frá Íslandi. Ágreiningi aðila hefur nú verið skotið til Félagsdóms og var málið þingfest 2. mars. Gefst þeim þar kostur á að ljúka öllum ágreiningi um lögmæti verkfalls og uppsagna 11 flugmanna sóknaraðila, sem eru félagsmenn varnaraðila. Er ekki annars að vænta en að dómur gangi innan skamms, sem leysi endanlega úr öllum ágreiningi aðila.

Samkvæmt framansögðu er það álit dómsins að sóknaraðili hafi hvorki sannað né gert sennilegt að verkfallsaðgerðir varnaraðila hafi eða muni brjóta gegn lögvörðum rétti hans í skilningi 1. mgr. 24. gr. laga nr. 31/1990 eða að uppfyllt séu þau skilyrði fyrir lögbannsgerð að verkfallsathöfn sé byrjuð eða yfirvofandi og að réttindi sóknaraðila muni fara forgörðum eða verða fyrir teljandi spjöllum verði hann knúinn til að bíða dóms um þau. Verður því staðfest ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 5. febrúar sl. í lögbannsmáli nr. 2021-2262.

Samkvæmt greindum málsúrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála ber að úrskurða sóknaraðila til greiðslu málskostnaðar. Með hliðsjón af eðli og umfangi máls þykir hann hæfilega ákveðinn 620.000 krónur og hefur þá verið tekið tillit til greiðslu virðisaukaskatts.

Jónas Jóhannsson héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Úrskurðarorð:

Staðfest er ákvörðun Sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu 5. febrúar 2021 að synja kröfu sóknaraðila, Bláfugls ehf., um lögbann á verkfallsaðgerðir varnaraðila, Félags íslenskra atvinnuflugmanna, í lögbannsmáli nr. 2021/2262.

Sóknaraðili greiði varnaraðila 620.000 krónur í málskostnað.

Jónas Jóhannsson